

Faggreinakennari

Faggreinakennari vinnur í nánum tengslum við umsjónarkennara. Mikilvægt er að faggreinakennari og umsjónarkennari hittist reglulega og ræði stöðu einstakra nemenda og námsframvindu þeirra.

- ⑩ Fylgist með námi og þroska allra nemenda sinna og leitast við að skapa kennsluaðstæður sem eru hvetjandi til náms, vinnusemi og þroska.
- ⑩ Færir einkunnir, umsagnir og mætingu inn í Mentor eftir því sem við á auk dagbókar.
- ⑩ Tekur þátt í gerð skólanámskrár og ýmsum áætlunum innan skólans.
- ⑩ Tekur þátt í samstarfi við umsjónarkennara og aðra faggreinakennara.
- ⑩ Hefur umsjón með sérgreinastofu og kennslutækjum.
- ⑩ Sér um frágang að vori og innkaup fyrir næsta skólaár.
- ⑩ Situr kennarafundi, starfsmannafundi og aðra þá fundi sem skólastjórn ætlast til að faggreinakennari taki þátt í.
- ⑩ Leysir úr vandamálum sem upp kunna að koma hjá nemendum.

Fyrst ræðir kennarinn einu sinni eða oftast einslega við viðkomandi nemenda. Beri það ekki árangur, hefur kennarinn samband við umsjónarkennara og leitar eftir aðstoð þar. Mikilvægt er að faggreinakennari færi slík samskipti inn í dagbókina í Mentor.

- ⑩ Hefur samband við foreldra í samráði við umsjónarkennara
- ⑩ Faggreinakennarar eiga að ganga vel frá bekkjarstofum og öðrum rýmum sem þeir kenna í.